

18.1.2006

Samningur um miðlæga stýringu umferðarljósa

Reykjavíkurborg og Vegagerðin hafa undirritað samning við Siemens um nýtt vöktunar- og stýrikerfi fyrir umferðarljós í Reykjavík. Heildarsamningsupphæð er 875 þús. € eða um 65 Mkr. Kostnaður skiptist jafnt milli aðila. Búnaðurinn verður afhentur uppsettur í september á þessu ári. Um er að ræða miðlæga stýritölvu með tilheyrandi hugbúnaði, auk stjórnkassa á helstu umferðargötur vestan Elliðaáa (s.s. Sæbraut, Geirsgata, Miklabraut, Hringbraut, Kringlumýrarbraut, Suðurlandsbraut).

Miðlæg stýring og vöktun

Segja má að þetta verkefni sé fyrsta skref í „núttímavæðingu“ á umferðarljósakerfi Reykjavíkur. Í nýja stjórnkerfinu verða allar breytingar á stillingu umferðarljósa gerðar miðlægt. Auk þess mun kerfið vakta og tilkynna um allar bilanir til rétttra aðila. Nýja kerfið býður einnig upp á sveigjanlegri stillingu umferðarljósa eftir tíma dags og umferðarmagni. Stýritölva fyrir umferðarljósin verður sett upp í húsi Framkvæmdasviðs í Skúlatúni 2.

Í dag er umferðarljósum stýrt af stjórnkössum við einstök gatnamót. Einn af stjórnkössunum í hverri „grænni bylgju“ sér um samhæfingu stjórnkassanna. Þetta kerfi er mjög óþjálmt í rekstri og allar breytingar mjög tímafrekar. Kerfið sendir engar tilkynningar um bilanir.

Stýring umferðarljósa – framtíðarsýn

Þegar reynsla hefur fengist af rekstri kerfisins verður horft til næsta skrefs, sem er að kerfið meti hagkvæmstu stillingar ljósa á hverjum tíma með tilliti til umferðarþunga og stýri ljósum með það að markmiði að draga úr seinkunum í umferðarkerfinu og nýta umferðarmannvirki sem best.



Frá undirritun samnings. Stefan Himmel og Dimitrios Andrikos frá Siemens, Ólafur Bjarnason, Framkvæmdasviði og Jónas Snæbjörnsson, Vegagerðinni undirrituðu samninginn að viðstöddum þeim sem tóku þátt í samningsgerðinni. Frá vinstri: Ólafur M. Kjartansson, Baldvin E. Baldvinsson, Bjarni Stefánsson, Eric Gautier, Höskuldur Tryggvason, Jörgen Beschta, Sverrir Norland, Baldur Grétarsson og Ámundi Brynjólfsson. [Smella á tengil til að skoða mynd stóra.](#)

Samstarf Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar

Samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar hefur séð um þetta verkefni, en í henni eiga sæti fyrir hönd

Reykjavíkurborgar Höskuldur Tryggvason, Stefán A. Finnsson og Baldvin Baldvinsson. Fyrir hönd Vegagerðarinnar sitja í nefndinni Jónas Snæbjörnsson og Baldur Grétarsson. Eric Gautier frá danska ráðgjafarfirmakerinu Hansen & Henneberg A/S er ráðgjafi nefndarinnar.